

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 137/566*  
*komudagur 8.7.2009*

Við 1. mgr. 26. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88 12. júní 2008 bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Nú telur ríkissaksóknari sig vanhæfan til að fara með ótilgreind mál á afmörkuðu sviði um tiltekinn tíma og skal þá dómsmálaráðherra setja á sama hátt annan löghæfan mann til að gegna hlutverki ríkissaksóknara í slíkum málum.